



**Í samræmi við 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga er gerð eftirfarandi óveruleg breyting á deiliskipualgsskilmálum fyrir Suðurhöfn, bátaskýli frá 24. júlí 2013.**

**Samþykkt í skipulags- og byggingarráði 6. febrúar 2018 og bæjarstjórn 7. febrúar 2018.**

**Endurskoðun greinagerðar hvað varðar útlit, notkun húsa ásamt umgengni á svæðinu. Einnig hvað varðar geymslu báta og fólksbíla.**

Lagt er til að eftirfarandi texta verði bætt við núverandi skilmála.

Núverandi texti heldur sér að öllu leyti en eftirfarandi texta verður bætt við:

Svæðinu skal haldið snyrtilegu og hreinu og ekkert má geyma á reitnum utan lóðarmarka.

Í því felst að óheimilt er að nota aðliggjandi land sem geymslusvæði og skilja eftir eða geyma lausafjarmuni sem geta valdið skaða, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta á við um lausafjarmuni svo sem kerrur, bílhræ, byggingarefni, skipsskrokka og hvers kyns úrgang og efni.

Eigendum eða umráðamönnum bátaskýlanna er skylt að halda eigninni vel við. Búseta í skýlunum er óheimil og skulu þau einungis nýtast í tengslum við uppsátur og geymslu báta og starfsemi tengda því.

Byggingarfulltrúa er heimilt er að fjarlægja þá lausafjarmuni sem að ofan greinir á kostnað og ábyrgð eiganda. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur frestur til að fjarlægja þá, í allt að einn mánuð sbr. 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Einnig er heimilt að fjarlægja númerslausa bíla skv. lögreglusamþykkt 20. gr. 1155/2010.

Tryggja skal aðgengi slökkviliðs sem og sjúkrabíla.

Ef tengja skal frárennslislagnir skal það gert í samræmi við *Samþykkt um fráveitu í Hafnarfirði* frá 2008 eins og kemur fram í lóðarleigusamningum fyrir bátaskýlin.

Eigendum bátaskýla er heimilt að nýta bíastæði fyrir framan hvert hús og sameiginlegt merkt svæði fyrir eigin bíla og báta.



## HAFNARFJÖRÐUR

Hámarkstími fyrir bát er allt að 3 mánuðir. Með bílum er átt við fólksbíla á númerum sem tilheyra eigendum bátaskýlanna og einungis er um að ræða dagsstæði fyrir fólksbíla.

Með bátum er átt við báta sem samrýmast stærð bátaskýlanna eða allt að 10 m að lengd.

Ekki er heimilt að geyma lausamuni á þessu svæði eða fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna og fleira þess háttar.

Að öðru leiti gilda eldri skilmálar.

---

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 31. janúar 2018 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að skilmálabreytingu samkvæmt 1. mgr. 2 gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa í Hafnarfirði

Tillagan var grenndarkynnt frá \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_ 2018.

---

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deils Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2018.

---

Pormóður Sveinsson  
Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar



**HAFNARFJÖRÐUR**